

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 140/628
komudagur 2.12.2011

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. desember 2011
EBG/hó

Efni. Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulþjóðgarðs, á 140. löggjafarþingi, þskj. 106 - 106. mál
Tilv. 2011110017

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. nóvember 2011.

Ein af forsendum stofnunar þjóðgarðs hlýtur að vera að hafa samráð við sveitarfélög og landeigendur á svæðinu. Þá hlýtur ákvörðunin sem slík að vera á höndum sveitarstjórnar og íbúa sveitarfélaganna. Bændasamtökin hvetja til þess að hugmyndir um þjóðgarða verði ekki ræddar nema að höfðu samráði við heimamenn. Í greinargerð með þingslályktunartillögunni kemur fram að leggja beri áherslu á nána samvinnu stjórnvalda við heimafolk. Þetta er mjög mikilvægt og Bændasamtökin leggja áherslu á að haft verði samráð við bændur sem kunna að hafa hagsmuni af mögulegri stofnun Hofsjökulþjóðgarðs sem og félög bænda.

Það er ófrávikjanlegt skilyrði að möguleg stofnun þjóðgarðs á þessu svæði hafi ekki takmarkandi áhrif á búskap á nærliggjandi svæðum og að ekki verði gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt landeigenda.

Bændasamtökin leggja þunga áherslu á, að sem mest samráð verði haft við bændur og félög bænda í hugsanlegu undirbúningsferli fyrir stofnun þessa þjóðgarðs.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur